



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt starfandi grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

Á 118. fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. maí 2017 var lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. apríl 2017, varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila. Jafnframt lagt fram bréf Hjallastefnunnar ehf, dags. 17. mars 2017 og 2. maí 2017, drög að þjónustusamningi við Hjallastefnuna ehf, bréf Landakotsskóla, dags. 17. mars 2017, gjaldskrá Landakotsskóla vegna síðdegisvistar, bréf Landakotsskóla, dags. 16. nóvember 2016, merkt trúnaðarmál, drög að þjónustusamningi við Landakotsskóla, bréf Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 16. mars 2017, dagskrá og starfsáætlun frístundar Skóla Ísaks Jónssonar auk tólmstundunaframboðs skólans, útreikningur á kostnaði frístundar Skóla Ísaks Jónssonar, trúnaðarmál, verð á frístund Skóla Ísaks Jónssonar auk draga að þjónustusamningi við Skóla Ísaks Jónssonar. Jafnframt lagt fram bréf SVP, dags. 16. nóvember 2016, trúnaðarmál. Auk þess lagt fram bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 16. mars 2017, minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. mars 2017, bréf SSSK dags. 2. mars 2017, tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. janúar 2017, varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila, tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. desember 2016 og tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. október 2016.

Með vísan til bréfs sviðsstjóra, dags. 26. apríl 2017, var samþykkt og vísað til borgarráðs að gerðir verði samningar við Hjallastefnuna ehf, Skóla Ísaks Jónssonar og Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimila skólanna. Waldorfskólanum Sólstöfum verði gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en tekin verðu ákvörðun varðandi umsókn hans.

Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra, dags. 26. apríl 2017

Bréf Hjallastefnunnar, dags. 17. mars 2017



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 26. apríl 2017
SFS2016100093
118. fundur / fskj. 6.1
HG/sp/gS

Bréf

Viðtakandi:

Skóla- og frístundaráð

Sendandi:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Framlag frístundaheimila.

Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinnna grunnskóla vegna reksturs

I Forsaga málsins

Forsaga málsins er sú að á 107. fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. október 2016 lagði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs fram svohljóðandi tillögu, dags. 21. október 2016:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að leggja fram tillögur eigi síðar en 14. desember 2016 varðandi framlög skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinnna grunnskóla vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum skólanna.

Tillagan var samþykkt.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2016, sendi skóla- og frístundasvið sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sem eru með neðri stig grunnskóla bréf þar sem farið var fram á upplýsingar um rekstur frístundaheimila við grunnskólana.

Svar barst frá tveim grunnskólum þar sem veittar eru upplýsingar um frístundaheimili skólanna.

Á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 lagði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs fram svohljóðandi tillögu, dags. 8. desember 2016:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að leggja fram drög að samningi, með sömu skilmálum og áður, vegna framlags til sjálfstætt rekinnna grunnskóla í Reykjavík vegna frístundaheimila þeirra. Samningurinn gildi fyrir vorönn 2017. Jafnframt verði leitað til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi möguleg áhrif breytinga á grunnskólalögum á rekstur frístundaheimila.

Greinargerð fylgdi.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Bt. Helga Grímssonar sviðsstjóra
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2017

Efni: Samningur vegna reksturs frístundar

Hjallastefna vísar til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 10. mars sl., hvað varðar framlög Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekkinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila. Í erindinu er vísað til fyrri samskipta sviðsins við hagsmunaaðila vegna málsins.

Þá er í umræddu erindi vísað til tillögu sem samþykkt var á 115. fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar hinn 8. mars sl. þar sem sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að tilkynna sjálfstætt reknum grunnskólum með yngri árganga að ekki verði greitt framlag vegna reksturs frístundar þeirra á vorönn 2017 ef ekki berst um það umsókn fyrir 17. mars 2017 og í kjölfarið verði gerður um það samningur sem samþykktur er af skóla- og frístundaráði og borgarráði.


Á grundvelli framangreindrar ákvörðunar skóla- og frístundaráðs er skólanum gefinn kostur á því að óska eftir að gerður verði við hann þjónustusamningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til loka skólaársins 2016-2017.

Með vísan til framanritaðs tilkynnist hér með að Hjallastefnan óskar eftir að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um framlag vegna reksturs frístundaheimilis vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til loka skólaársins 2016-2017.

Þrátt fyrir framangreindan vilja til að ganga til samninga við Reykjavíkurborg gerir Hjallastefnan fyrirvara hvað varðar það framlag sem sá samningur grundvallast á og kynnt hefur verið fyrir rekstraraðilum á fyrri stigum málsins. Er samhlíða gerður fyrirvari um betri rétt skólans komi í ljós að forsendur fjárhæðarinnar taki breytingum til hækkunar. Áskilur Hjallastefnan sér rétt til að óska breytinga á þeim fjárhæðum á gildistíma samningsins.


Er framangreindu hér með komi á framfæri við skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

F.h. Hjallastefnunnar ehf.



Þórdís Jóna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri

SFS 201600093



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 27.04.2017

Greinargerð

Vegna frístundar Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.

Í bréfi Skóla- og frístundasviðs, dagsettu 10. mars 2017, var óskað eftir upplýsingum um gjaldskrá skólans vegna reksturs frístundaheimilis Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík (hér eftir nefnt Barnaskólinn). Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir að áfram er óskað eftir því að gengið verði til samninga um rekstur frístundaheimilis við skólann.

Greinargerð um stöðu og umfang frístundastarfs Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.


Í skólanum eru nú 138 börn og af þeim eru 83 sem nýta sér frístund eða rúm 60%. Boðið er upp á frístund fyrir og eftir hefðbundinn skólatíma. Skólinn opnar kl. 7:45, hefðbundið skólastarf hefst kl. 9:00 og stendur til 14.30. Frístund er í boði til kl. 16:30 á daginn. Samtals er því boðið upp á frístund í 195 mínútur eða 3,25 klst á hverjum skóladegi.

Í frístund starfa 7 fastir starfsmenn sem skipta á milli sín vöktum. Flestir eru þeir uppeldis- eða listmenntaðir. Aðrir starfsmenn skólans taka einnig frístundavaktir. Boðið hefur verið upp á námskeið menntaðs fagfólks í ukulele, tæknilegói, hip-hop dansi, frönsku, hljómsveit, leiklist og myndlist í síðdegisstarfi auk mikillar útiveru og hreyfingar.

Boðið er upp á brauð, álegg og skorið grænmeti í nónhressingu á milli klukkan 14:30-15:00 og ávexti klukkan 16:00.

Markmið starfsins endurspeglar meginreglu 1 í Hjallastefnunni, það er meðal annars að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra. Þessum markmiðum er náð með fjölbreyttu og lifandi starfi í frjóu umhverfi Öskjuhlíðarinnar og húsnæði Barnaskólans.

Í árlegri könnun meðal Barnaskólaforeldra kom fram að tæp 83% foreldra eru ánægðir eða mjög ánægðir með frístundastarfið. Þetta eru tölur frá marsmánuði 2017 en lítil breyting er á þessum lið á milli ára.



Sundurliðun gjalda.

Morgunverður í mánuð 1.900 kr.

Nónhressing í mánuð 3.900 kr.

Klukkustund í frístund á mánuði 6.800 kr. (fyrir og eftir kennslutíma)

Dvöl í frístund er skráð fyrir hvern vikudag og gjaldið reiknað fyrir hverjar 15 mínútur. Miðað er við að barn sem er í frístund fram til kl. 15 fái nónhressingu.

Foreldrar njóta systkinaafsláttar innan skólans og einnig þvert á skólastig leik- og grunnskóla. Gildir þá einu hvort systkini eru innan Hjallastefnuskóla eður ei. Ef systkini barns er hjá dagforeldri eru sömu reglur um afslátt.

Sérstaklega er haldið utan um allan rekstrarkostnað frístundar en frá og með hausti 2017 verður reksturinn aðskilinn að fullu. Óskað eftir að farið verði með allar upplýsingar sem fram koma í greinargerð þessari sem trúnaðarmál.

Fyrir hönd Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Þ J Ó N U S T U S A M N I N G U R

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir SFS), kt.530269-7609, annars vegar og Hjallastefnan ehf,(hér eftir skólinn), kt. 540599-2039, Vífilstaðarvegi 123, Garðabæ, hins vegar gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna barna í Barnaskóla Hjallastefnunnar að Nauthólsvegi 87, Reykjavík, sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

1. gr. Skilyrði

- 1.1 Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla og æskulýðslög.
- 1.2 Réttindi og skyldur barna sem nýta frístundaheimili skólans skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og æskulýðslög.
- 1.3 Skólinn skal hafa gildan þjónustusamning um rekstur grunnskólans við Reykjavíkurborg og fá á grundvelli hans greitt fjárframlag vegna grunnskólagöngu barna sem um ræðir skv. samningi þessum.
- 1.4 Framlagið er greitt vegna barna í skólanum, sem nýta frístundaheimili hans og sem eiga lögheimili í Reykjavík og vegna barna sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.
- 1.5 Framlag er greitt vegna reykvískra barna og barna í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík sem stunda nám í 1. til 4. bekk skólans.
- 1.6 Greitt er framlag vegna nýtingar frístundaheimilis en ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds skal vera aðgreindur í gjaldskrá skólans.
- 1.7 Framlag er greitt að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 2. og 3. gr. samnings þessa.
- 1.8 Um framlag samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr. Fjárframlög

- 2.1 Gjaldskrá skólans liggur fyrir við gerð samnings þessa. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur í gjaldskrá skólans. Í Barnaskóla Hjallastefnunnar skulu foreldrar greiða kr. 3.370 til 13.060 eftir fjölda daga/stunda vegna vistunar barns í frístundaheimili skólans. Ekki er greitt framlag til lækkunar kostnaðar vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds.
- 2.2 SFS mun greiða skólanum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Vegna þessa á kostnaður foreldra vegna vistunar barns að verða sá sami og ef barnið væri í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og lækkar þar með gjaldskrá skólans gagnvart foreldrum, sbr. neðangreint yfirlit. Komi til einhliða hækkunar skólans á vistunargjöldum, mun breytingin ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags SFS. Með sama hætti er greitt hærra framlag til skólans ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í frístundastarfi skólans sem nemur 75% vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns, skilyrði er að systkini hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar. Þá er greitt framlag vegna systkina milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar.

	Gjaldskrá Barnaskóli Hjallastefnunnar	Gjaldskrá skóla- og frístundasviðs	Framlag skóla- og frístundasviðs
Vistun 1 dag	4.760	3.370	1.390
Vistun 2 daga	9.520	5.800	3.720
Vistun 3 daga	14.280	8.220	6.060
Vistun 4 daga	19.040	10.650	8.390
Vistun 5 daga	23.800	13.060	10.740

- 2.3 Framlag SFS samkvæmt samningi þessum, tekur mið af gjaldskrárbreytingum frístundaheimila SFS í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Aðilar eru sammála um að SFS hafi heimild til að lækka framlag sitt samkvæmt samningi þessum komi til breytinga á gjaldskrá frístundaheimila grunnskóla Reykjavíkurborgar.
- 2.4 Uppgjör samkvæmt samningi þessum skal fara fram einu sinni á samningstímanum þ.e. í fyrstu viku júnímánaðar.

- 2.5 Uppgjör samkvæmt grein 2.4 fer fram að undangengnum skilum skólans á nauðsynlegum upplýsingum. Skólinn skal senda SFS upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng barna sem nýta - frístundaheimilið, auk upplýsinga um lengd dvalar þeirra eigi síðar en 20. maí 2017. Ef um er að ræða aukið framlag vegna systkina skal þess getið.
- 2.6 Framlag SFS skv. framangreindu er greitt til skólans innan 30 daga frá eindaga reiknings skólans. Ef SFS eða skólinn verða vör við mistök í greiðslu framlags ber að tilkynna um þau án tafar.

3. gr. Skilgreining þjónustu

- 3.1 Með samningi þessum skal skólinn veita eftirfarandi þjónustu að lágmarki:
- Bjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1. – 4. bekk lýkur. Leggja skal áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Frístundaheimilið skal vera frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins
- 3.2 Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning í frístundastafi skal skipuleggja í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólann og aðra fagaðila er tengjast börnum. Hægt er að sækja um greiðslu vegna stuðnings við börn á frístundaheimilum. Sækja skal um heimild fyrir stuðningi til ráðgjafaproskajálfa hjá skrifstofu frístundamála hjá SFS þar sem einnig má nálgast viðeigandi umsóknarform og frekari upplýsingar.
- Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning skal alltaf stuðla að virkri þátttöku barna í frístundastarfinu

4. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna dvalar barna þeirra á frístundaheimili skólans.

5. gr. Innritun barna

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun barna í frístundaheimili skólans sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem öll börn eiga sama rétt til að innritast í frístundaheimilið án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

6. gr.
Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi frístundaheimilisins og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

7. gr.
Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

8. gr.
Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

9. gr.
Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

10. gr.
Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

- 10.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði. Dráttarvextir reiknast af höfuðstól endurgreiðslukröfunnar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 10.2 Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

11. gr.
Gildistími

- 11.1 Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til [] júní 2017 þ.e frá skólabyrjun í janúar 2017, fram að skólaslitum hinn []. júní 2017.

- 11.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja upp samningnum fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

12. gr.
Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.
Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, _____

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. [Nafn skóla]

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Bt. Helga Grímssonar sviðsstjóra

Borgartúni 12 - 14

105 Reykjavík

Reykjavík, 17. Mars, 2017.

Efni: Samningur vegna reksturs frístundar

Landakotsskóli vísar til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 10. mars sl., hvað varðar framlög Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila. Í erindinu er vísað til fyrri samskipta sviðsins við hagsmunaaðila vegna málsins.

Þá er í umræddu erindi vísað til tillögu sem samþykkt var á 115. fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar hinn 8. mars sl. Þar sem sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að tilkynna sjálfstætt reknunum grunnskólum með yngri árganga að ekki verði greitt framlag vegna reksturs frístundar þeirra á vorönn 2017 ef ekki berst um það umsókn fyrir 17. mars 2017 og í kjölfarið verði gerður um það samningur sem samþykktur er af skóla- og frístundaráði og borgarráði.

Á grundvelli framangreindrar ákvörðunar skóla- og frístundaráðs er skólanum gefinn kostur á því að óska eftir að gerður verði við hann þjónustusamningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til loka skólaársins 2016-2017.

Með vísan til framanritaðs tilkynnist hér með að Landakotsskóli óskar eftir að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um framlag vegna reksturs frístundaheimilis vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til loka skólaársins 2016-2017.

Þrátt fyrir framangreindan vilja til að ganga til samninga við Reykjavíkurborg gerir Landakotsskóli fyrirvara hvað varðar það framlag sem sá samningur grundvallast á og kynnt hefur verið fyrir rekstraraðilum á fyrri stigum málsins. Er samhlíða gerður fyrirvari um betri rétt skólans komi í ljós að forsendur fjárhæðarinnar taki breytingum til hækkunar. Áskilur Landakotsskóli sér rétt til að óska breytinga á þeim fjárhæðum á gildistíma samningsins.

Er framangreindu hér með komi á framfæri við skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Með góðum kveðjum,

Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla.

Gjaldskrá síðdegisvistar

Forstöðukona Káta kots er Erna Ólafsdóttir. Síðdegisvistin hefur til umráða matsal, danssal, leikvelli og sérstofur. Boðið verður upp á hljóðfæranám, hreyfimyndagerð, myndmennt, leiklist, skák og smíðar/sköpun í síðdegisvistinni auk ýmiss konar föndurs, leikja og útivistar.

Gjaldskrá er sem hér segir:

Vistun til kl. 16.00 með síðdegishressingu:

5 dagar í viku kr. 15.400 á mánuði

4 dagar í viku kr. 12.500 á mánuði

3 dagar í viku kr. 9.600 á mánuði

2 dagar á viku kr. 6.700 á mánuði

1 dagur í viku kr. 3.800 á mánuði

Ef barnið er vistað til 16.30 bætast 300 kr. við á dag, eða 1.500 kr. fyrir vikuna, 6.000 á mánuði
Ef barnið er í vistinni til 17.00 bætast 500 kr. við á dag, eða 2.500 kr. fyrir vikuna, 10.000 fyrir mánuðinn.

Gjaldskrá fyrir síðdegishressingu sem er innifalin í ofangreindu verði:

5 dagar í viku kr. 3.500 á mánuði

4 dagar í viku kr. 2.700 á mánuði

3 dagar í viku kr. 2.100 á mánuði

2 dagar í viku kr. 1.400 á mánuði

1 dagur í viku kr. 700 á mánuði

70% afsláttur er veittur vegna annars barns og þriðja barn fær frítt nema hvað síðdegishressinguna varðar. Ef óskað er eftir breytingum á vistun fyrir barnið þarf að tilkynna það með viku fyrirvara. Fyrirspurnum viðvirkjandi fjármál svarar Sigríður Norfjörð fjármálastjóri.

Þ J Ó N U S T U S A M N I N G U R

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir SFS), kt.530269-7609, annars vegar og Landakotsskóli,(hér eftir skólinn), 660505-1210, Reykjavík, hins vegar gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna barna í Landakotsskóla sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

1. gr. Skilyrði

- 1.1 Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla og æskulýðslög.
- 1.2 Réttindi og skyldur barna sem nýta frístundaheimili skólans skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og æskulýðslög.
- 1.3 Skólinn skal hafa gildan þjónustusamning um rekstur grunnskólans við Reykjavíkurborg og fá á grundvelli hans greitt fjárframlag vegna grunnskólagöngu barna sem um ræðir skv. samningi þessum.
- 1.4 Framlagið er greitt vegna barna í skólanum, sem nýta frístundaheimili hans og sem eiga lögheimili í Reykjavík og vegna barna sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.
- 1.5 Framlag er greitt vegna reykvískra barna og barna í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík sem stunda nám í 1. til 4. bekk skólans.
- 1.6 Greitt er framlag vegna nýtingar frístundaheimilis en ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds skal vera aðgreindur í gjaldskrá skólans.
- 1.7 Framlag er greitt að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 2. og 3. gr. samnings þessa.
- 1.8 Um framlag samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr. Fjárframlög

- 2.1 Gjaldskrá skólans liggur fyrir við gerð samnings þessa. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur í gjaldskrá skólans. Í Landakotsskóla skulu foreldrar greiða kr. 3.370 til 13.060 eftir fjölda daga/stunda vegna vistunar barns í frístundaheimili skólans. Ekki er greitt framlag til lækkunar kostnaðar vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds.
- 2.2 SFS mun greiða skólanum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Vegna þessa á kostnaður foreldra vegna vistunar barns að verða sá sami og ef barnið væri í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og lækkar þar með gjaldskrá skólans gagnvart foreldrum, sbr. neðangreint yfirlit. Komi til einhliða hækkunar skólans á vistunargjöldum, mun breytingin ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags SFS. Með sama hætti er greitt herra framlag til skólans ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í frístundastarfi skólans sem nemur 75% vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns, skilyrði er að systkini hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar. Þá er greitt framlag vegna systkina milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar.

	Gjaldskrá Landakotsskóla	Gjaldskrá skóla- og frístundasviðs	Framlag skóla- og frístundasviðs
Vistun 1 dag	5.100	3.370	1.730
Vistun 2 daga	9.300	5.800	3.500
Vistun 3 daga	13.500	8.220	5.280
Vistun 4 daga	17.800	10.650	7.150
Vistun 5 daga	21.900	13.060	8.840

- 2.3 Framlag SFS samkvæmt samningi þessum, tekur mið af gjaldskrárbreytingum frístundaheimila SFS í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Aðilar eru sammála um að SFS hafi heimild til að lækka framlag sitt samkvæmt samningi þessum komi til breytinga á gjaldskrá frístundaheimila grunnskóla Reykjavíkurborgar.
- 2.4 Uppgjör samkvæmt samningi þessum skal fara fram einu sinni á samningstímanum þ.e. í fyrstu viku júnímánaðar.
- 2.5 Uppgjör samkvæmt grein 2.4 fer fram að undangengnum skilum skólans á nauðsynlegum upplýsingum. Skólinn skal senda SFS upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng barna sem nýta frístundaheimilið, auk upplýsinga um

lengd dvalar þeirra eigi síðar en 20. maí 2017. Ef um er að ræða aukið framlag vegna systkina skal þess getið.

- 2.6 Framlag SFS skv. framnagreiðu er greitt til skólans innan 30 daga frá eindaga reiknings skólans. Ef SFS eða skólinn verða vör við mistök í greiðslu framlags ber að tilkynna um þau án tafar.

3. gr. Skilgreining þjónustu

- 3.1 Með samningi þessum skal skólinn veita eftirfarandi þjónustu að lágmarki:

Þjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1. – 4. bekk lýkur. Leggja skal áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Frístundaheimilið skal vera frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins

- 3.2 Þjónustu við börn sem þurfa sértækan stuðning í frístundastafi skal skipuleggja í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólann og aðra fagaðila er tengjast börnum. Hægt er að sækja um greiðslu vegna stuðnings við börn á frístundaheimilum. Sækja skal um heimild fyrir stuðningi til ráðgjafapróskaþjálfna hjá skrifstofu frístundamála hjá SFS þar sem einnig má nálgast viðeigandi umsóknarform og frekari upplýsingar.

Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning skal alltaf stuðla að virkri þátttöku barna í frístundastarfinu

4. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna dvalar barna þeirra á frístundaheimili skólans.

5. gr.

Innritun barna

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun barna í frístundaheimili skólans sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem öll börn eiga sama rétt til að innritast í frístundaheimilið án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

6. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi frístundaheimilisins og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

7. gr.

Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

8. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

9. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

10. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

- 10.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði. Dráttarvextir reiknast af höfuðstól endurgreiðslukröfunnar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 10.2 Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

11. gr.

Gildistími

- 11.1 Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til [] júní 2017 þ.e frá skólabyrjun í janúar 2017, fram að skólaslitum hinn []. júní 2017.
- 11.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja upp samningnum fyrir er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

12. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, _____

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. Landakotsskóla

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Bt. Helga Grímssonar sviðsstjóra
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2017

Efni: Samningur vegna reksturs frístundar

Hér með óska ég eftir því fyrir hönd Skóla Ísaks Jónssonar að við hann verði gerður þjónustusamningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis. Með fylgir skjal yfir fjölda nemenda sem nýta frístundaheimili skólans sundurliðað eftir bekkjum. Einnig fylgir gjaldskrá skólans vegna frístundaheimilis, rekstraryfirlit s.l. þrjú skólaár, opnunartími og starfsáætlun frístundar.

Rekstrarkostnaður frístundarheimilisins er ekki að fullu aðskilinn í bókhaldi skólans frá rekstrarkostnaði grunnskólans. Allt tekjubókhald vegna frístundaheimilisins er þó aðgreint frá grunnskólarekstrinum.

Þrátt fyrir framangreindan vilja til að ganga til samninga við Reykjavíkurborg gerir Skóli Ísaks Jónssonar fyrirvara hvað varðar það framlag sem sá samningur grundvallast á og kynnt hefur verið á fyrri stigum málsins. Er samhliða gerður fyrirvari um betri rétt skólans komi í ljós að forsendur fjárhæðarinnar taki breytingum til hækkunar. Áskilur Skóli Ísaks Jónssonar sér rétt til að óska breytinga á þeim fjárhæðum á gildistíma samningsins. Er framangreindu hér með komi á framfæri við skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt,
f.h. Skóla Ísaks Jónssonar

Sigríður Anna Guðjónsdóttir
skólastjóri

Dagskrá Sunnuhlíðar 2016-2017

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:30 - 08:30	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími
14:10 - 15:00	Útivera Slódegishressing	Útivera Slódegishressing	Útivera Slódegishressing Kór 8 og 9 ára	Útivera Slódegishressing	Útivera Slódegishressing Skák 8 og 9 ára
15:00 - 16:45	Hópastarfrí/tómstundir	Hópastarfrí/tómstundir	Hópastarfrí/tómstundir 6 og 7 ára	Hópastarfrí/tómstundir	Hópastarfrí/tómstundir 8 og 9 ára
15:45 -17:15	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími	Frjáls leikur/rólegur tími

Starfsáætlun frístundar Ísaksskóla

Sunnuhlíð

Markmið Sunnuhlíðar er bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Leiðarljós frístundarinnar er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í Sunnuhlíð leitumst við við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.

Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í samvinnu við foreldra, kennara og aðra fagaðila er tengjast börnunum.

Ýmsar tómstundir eru í boði í frístundinni. Fljótlega eftir að skólinn hefst á haustin og eftir áramót liggur tómstundaframboð annarinnar fyrir. Einnig er boðið upp á að nemendur sækja námskeið úti í bæ frá skólanum. Þetta á við um fótbolta, handbolta og körfubolta í Valsheimilinu og fótbolta og handbolta í Framheimilinu. Þá eru nemendur keyrðir í rútu frá skólanum og síðan sækja foreldrar nemendur eftir æfingar í Valsheimilið/Framheimilið. Tómstundir sem boðið er upp á greiða foreldrar beint til námskeiðshaldara en þátttaka nemenda í skólakór, skák og kínversku er foreldrum/forráðamönnum að kostnaðarlausu.

Hér er hægt að sjá framboð frístundar að hausti og hér er hægt að sjá framboð frístundar að vori.

Í Sunnuhlíð eru einnig haldnar söngstundir og ýmislegt sem virkjar nemendur til leiks í því sem þeir hafa lært í skólanum. Hér er hægt að sjá dagskrá Sunnuhlíðar.

Á heimasíðu skólans www.isaksskoli.is er að finna flestar þær upplýsingar er varða skólann. Til að forðast endurtekningar er í mörgum tilfellum vísað á heimasíðuna.

1. SKIPULAG

1.1 Skipurit og starfslýsingar

Skipurit Skóla Ísaks Jónssonar er að finna [hér](#).

Starfslýsingar

Skólastjóri

Skólastjóri er forstöðumaður skólans. Staðgengill hans er skilgreindur verkefnastjóri. Skólastjóri starfar í umboði skólanefndar Skóla Ísaks Jónssonar. Hann stýrir skólahaldi, frístundastarfi, fjármálum, sinnir daglegum rekstri, starfsmannahaldi og samskiptum við foreldra og aðila utan skóla. Skólastjóri hefur forgöngu um skipulag náms og kennslu. Hann stýrir m.a. vinnu við skólanámskrá og annað er hefur með faglegt starf skólans að gera.

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri starfar á skrifstofu skólans og tekur þannig þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans. Skrifstofustjóri starfar undir stjórn skólastjóra. Skrifstofustjóri veitir skrifstofu skólans forstöðu. Skrifstofan þjónar öllum starfsmönnum og nemendum skólans og er tengill milli skóla og heimilis. Skrifstofustjóri skal gæta trúnaðar um þau málefni sem hann verður áskynja í starfi sínu og helst sú skylda þótt látið sé af starfi. Skrifstofustjóri er tengiliður við starfsmenn frístundar.

Starfsmenn frístundar (Sunnuhlíð)

Starfsmenn aðstoða nemendur í leik og starfi frístundar. Þeir sinna ganga- og baðvörslu ásamt frímínútnagæslu og öðrum störfum innan skólans sem stjórnendur fela þeim.

Umsjónamaður frístundar (Sunnuhlíð)

Umsjónamaður heldur utan um starfið í Sunnuhlíð. Hann ber ábyrgð á að samfella sé í starfi frístundar og fundar reglulega með starfsfólki hennar og skólastjóra.

1.2 Stjórnendateymi frístundar

Í stjórnendateymi frístundar eru auk Sigríðar Önnu Guðjónsdóttur skólastjóra, Helga Ægisdóttir umsjónamaður Sunnuhlíðar, Lára Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Matthías E. Sigvaldason umsjónamaður eldri nemenda í Sunnuhlíð.

Starfsfólk Sunnuhlíðar leiðbeinir og aðstoðar nemendurnar í leik og starfi utan kennslustunda. Lögð er áhersla á að hvetja nemendur til leikprýði og samvinnu.

Helga Ægisdóttir (helga@isaksskoli.is) hefur yfirumsjón með Sunnuhlíð.

Starfsfólk Sunnuhlíðar:

Ása Valgerður Sigurðardóttir	2107714339	Kórstjóri/Kennari
Brynja Bjarnadóttir	1804942199	
Eiríkur Ari Eiríksson	0705962619	
Erla Svansdóttir	0510932249	
Gunnar Reynir Einarsson	1409953399	
Hafrún Erna Haraldsdóttir	0706952359	
Helga Ægisdóttir	0908775939	Umsjón með Sunnuhlíð
Hildur Karen Jóhannsdóttir	2108952569	
Ingibjörg Hrönn Jónsdóttir	0812932609	
Jóhanna Kristín Sigurðardóttir	1403972539	
Karen Margrét Bjarnadóttir	2907952499	
Kristófer Gautason	2901972449	Skákkennsla
Marianna Hlíf Jónasdóttir	1010982309	
Matthías E Sigvaldason	0712704089	Umsjón með eldri nemendum
Ólafur Kári Ragnarsson	3008952129	
Ólöf Lund	2705973009	
Solveig Árný Róbertsdóttir	1201952049	
Solveig Óskarsdóttir	2204932539	
Sölvi Flosason	0410835739	

1.4 Stefna skólans og einkunnarorð

Hér er að finna stefnu skólans og einkunnarorð hans.

2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

2.1 Um Skóla Ísaks Jónssonar

Skóli Ísaks Jónssonar

Heimilisfang: Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík
Sími: 553 2590
Bréfasími 553 4600
Kennitala 600269-4889
Netfang isaksskoli@isaksskoli.is

Skólastjóri: Sigríður Anna Guðjónsdóttir siganna@isaksskoli.is

Skrifstofustjóri: Lára Jóhannesdóttir lara@isaksskoli.is

Staðgenglar skólastjóra: Lára Jóhannesdóttir lara@isaksskoli.is, Þóra Elísabet Kjeld thora@isaksskoli.is, Ebba Áslaug Kristjánsdóttir ebba@isaksskoli.is og Ingibjörg Grettisdóttir ingibjorg@isaksskoli.is.

Skrifstofa skólans er opin virka daga frá kl 8:00 - 16:00. [Hér](#) er hægt að nálgast bækling með upplýsingum um skólann.

Skóli Ísaks Jónssonar er sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri sem sinnt hefur menntun yngstu nemenda grunnskólans í 90 ár frá stofnun hans 1926. Alla tíð hefur skólinn sérhæft sig í kennslu yngstu grunnskólabarnanna. Skólinn fer í öllu að grunnskólalögum og því er Aðalnámskrá grunnskóla það leiðarljós sem fylgt er við gerð skólanámskrár.

Skólinn er fyrir 5 ára nemendur og nemendur 6, 7, 8 og 9 ára bekkja.Allir 6-9 ára nemendum skólans hafa aðgang að frístundinni í Sunnuhlíð.



Starfið í frístundinni fylgir þeirri stefnu skólans að **efla heilbrigða lífshætti barnanna, lífsviðhorf og lífsleikni og sjálfstraust þeirra**. Við viljum mæta börnunum þar sem þau eru stödd og markvisst leiða þau áfram í átt til aukinnar færni og þroska. Við leggjum áherslu á að kenna nemendum markviss og öguð vinnubrögð og við viljum hafa vinnufrið.

Skólaskjól Ísaksskóla skiptist í tvær mismunandi deildir.

Annars vegar Sólbrekku, skólaskjól 5 ára barna og hins vegar Sunnuhlíð sem er skólaskjól 6, 7, 8 og 9 ára barna skólans.

Sólbrekka og Sunnuhlíð, opið 7:30 – 17:15 (lokar 16:15 föstudaga)

5 tímar á viku kr. 4.400,- (á mánuði)
10 tímar á viku kr. 8.000,- (á mánuði)
15 tímar á viku kr. 12.000,- (á mánuði)
20 tímar á viku kr. 16.000,- (á mánuði)

Athugið að ofangreind verðskrá á ekki við um 5 ára börn úr Reykjavík því þau falla undir þjónustusamning við Reykjavíkurborg.



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Námskeið	Haust 2016 - Lýsing á námskeiði - Haust 2016	Kostnaður	Tími
Valur	Rútuferðir eru frá Ísaksskóla í Valsheimilið. Skráningar fara fram hjá Val. Foreldrar sækja börn sín eftir æfingar í Valsheimilið.	Greiðist hjá Val	2x - 3x í viku.
Legonámskeið	Börnin eru að leika sér með tækni Lego. Þau geta bæði unnið frjálst og farið eftir teikningum. Kennarar eru Benni og Þórður. Skráning á netfangið benediktgudmundsson@yahoo.com - Byrjar 22. janúar og stendur í 10 vikur.	16.000.-	Föstudagar
Sirkus Íslands	Sirkus Íslands verður með námsekið á vorönn í Ísaksskóla. Börnin fá tækifæri til að læra hinar ýmsu sirkuskúntir s.s trúðamennsku, gripl (juggling), loftfimleika og fl. Ath. að hámark 15 börn eru í hópi. Byrjar 20. janúar, skráningar á sirkusislands@gmail.com.	15.500.-	Miðvikudagar
Leynileikhúsið	Leynileikhúsið verður með leiklistarnámskeið fyrir 6 - 9 ára börn. Skráning hjá Leynileihusid.is Ath. byrjar 21. janúar og stendur í 10 vikur.	29.400.-	Fimmtudagar
Skólakór	Barnakór Ísaksskóla samanstendur af eldri kór (8 og 9 ára nemendur) og yngri kór (7 ára). Kóræfingar eru á miðvikudögum, eldri kór kl 14-15 og yngri kór 15:20 – 15:50. Kórstjóri er Ása Valgerður Sigurðardóttir. Skráning fer fram hjá Ásu kórstjóra á netfangið asa@isaksskoli.is.	Enginn	Miðvikudagar
Píanónám	Rytmískt píanónám (dægurlög, sönglög o.fl.). Nemendur læra að lesa nótur en sérstaða Tónheima felst í rikri áherslu á að spila eftir eyranu sem og spuna og skapandi hugsun. Fjórir eru saman í hópi. Nánari upplýsingar á www.tonheimar.is.	63.000	Laust á þri. og mið. 16:15-17:15, einnig á mánudögum 15:15-16:15
Ukulele	Haraldur R. Sverrisson sér um ukulele kennsluna í vetur. Kennt verður í fámennum hópum þar sem gleði og kátina verða höfð að leiðarljósi. Frekari upplýsingar og skráning á www.ukulelereykjavik@gmail.com. Hefst 20. janúar.	30.000.-	Föstudagar
Franska	Aðferðin sem notuð er við frönsku kennsluna byggir á "méthode actionnelle" og er nær eingöngu munnleg. Við lærum allt sem við kemur daglegu lífi jafnaldrar okkar. Við lærum að kynna okkur og fjölskyldu okkar. Við fáumst við fjölbreytileg verkefni í gegnum leik og söng. Kennt er í 10 vikur fyrir jóla og 10 vikur eftir jóla. Hefst 19. janúar. Skráning hjá www.af.is	13.000.-	Þriðjudagar
Kínverska	Kennari er Þorgerður Anna Björnsdóttir starfsmaður Konfúsusarstofnunar Háskóla Íslands. Kennslan byggist á leik, söng og kennslubókum á íslensku sem eru litríkar og skemmtilegar. Hefst 18. janúar. Skráningar hjá tab@hi.is.	Enginn	Mánudagar
Taekwondo	Á vorönninni ætlum við að bjóða upp á þessa skemmtilegu suður-kóresku bardagaþrótt. Við fáum til liðs við okkur hann Cesar Augusto Rodrigues Luna, sem er þjálfari hjá taekwondo-deild Bjarkar í Hafnarfirði. Hefst 18. janúar. Skráningar hjá lara@isaksskoli.is	15.500,-	Mánudagar

Skák	Öllum nemendum frá 6 ára aldri býðst að sækja skáktíma. Til þess að verða afreksmaður í skák er mikilvægt að byrja sem fyrst að tefla. Kennarar á haustönn eru: Kristófer Gautason og Matthias Sigvaldason.	Enginn	Miðvikudagar/föstud.
------	---	--------	----------------------

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir SFS), kt.530269-7609, annars vegar og Skóli Ísaks Jónssonar, kt. 660505-1210, Reykjavík, hins vegar gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna barna í skóla Ísaks Jónssonar sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

1. gr. Skilyrði

- 1.1 Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla og æskulýðslög.
- 1.2 Réttindi og skyldur barna sem nýta frístundaheimili skólans skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og æskulýðslög.
- 1.3 Skólinn skal hafa gildan þjónustusamning um rekstur grunnskólans við Reykjavíkurborg og fá á grundvelli hans greitt fjárframlag vegna grunnskólagöngu barna sem um ræðir skv. samningi þessum.
- 1.4 Framlagið er greitt vegna barna í skólanum, sem nýta frístundaheimili hans og sem eiga lögheimili í Reykjavík og vegna barna sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstur hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.
- 1.5 Framlag er greitt vegna reykvískra barna og barna í fóstur hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík sem stunda nám í 1. til 4. bekk skólans.
- 1.6 Greitt er framlag vegna nýtingar frístundaheimilis en ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds skal vera aðgreindur í gjaldskrá skólans.
- 1.7 Framlag er greitt að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 2. og 3. gr. samnings þessa.
- 1.8 Um framlag samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr.
Fjárframlög

- 2.1 Gjaldskrá skólans liggur fyrir við gerð samnings þessa. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur í gjaldskrá skólans. Í Skóla Ísaks Jónssonar skulu foreldrar greiða kr. 4.400 til 13.715 eftir fjölda daga/stunda vegna vistunar barns í frístundaheimili skólans. Ekki er greitt framlag til lækkunar kostnaðar vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds.
- 2.2 SFS mun greiða skólanum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Vegna þessa á kostnaður foreldra vegna vistunar barns að verða sá sami og ef barnið væri í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og lækkar þar með gjaldskrá skólans gagnvart foreldrum, sbr. neðangreint yfirlit. Komi til einhliða hækkunar skólans á vistunargjöldum, mun breytingin ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags SFS. Með sama hætti er greitt herra framlag til skólans ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í frístundastarfi skólans sem nemur 75% vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns, skilyrði er að systkini hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar. Þá er greitt framlag vegna systkina milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar.

	Gjaldskrá Skóli Ísaks Jónssonar	Gjaldskrá skóla- og frístundasviðs	Framlag skóla- og frístundasviðs
0 - 5 tímar	4.400	4.400	0
5 - 10 tímar	8.800	7.200	1.600
10 - 15 tímar	12.000	10.471	1.529
15 - 20 tímar	16.000	13.715	2.285

- 2.3 Framlag SFS samkvæmt samningi þessum, tekur mið af gjaldskrárbreytingum frístundaheimila SFS í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Aðilar eru sammála um að SFS hafi heimild til að lækka framlag sitt samkvæmt samningi þessum komi til breytinga á gjaldskrá frístundaheimila grunnskóla Reykjavíkurborgar.
- 2.4 Uppgjör samkvæmt samningi þessum skal fara fram einu sinni á samningstímanum þ.e. í fyrstu viku júnímánaðar.
- 2.5 Uppgjör samkvæmt grein 2.4 fer fram að undangengnum skilum skólans á nauðsynlegum upplýsingum. Skólinn skal senda SFS upplýsingar um nöfn,

kennitölur og heimilisföng barna sem nýta frístundaheimilið, auk upplýsinga um lengd dvalar þeirra eigi síðar en 20. maí 2017. Ef um er að ræða aukið framlag vegna systkina skal þess getið.

- 2.6 Framlag SFS skv. framangreindu er greitt til skólans innan 30 daga frá eindaga reiknings skólans. Ef SFS eða skólinn verða vör við mistök í greiðslu framlags ber að tilkynna um þau án tafar.

3. gr. Skilgreining þjónustu

- 3.1 Með samningi þessum skal skólinn veita eftirfarandi þjónustu að lágmarki:

Þjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1. – 4. bekk lýkur. Leggja skal áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Frístundaheimilið skal vera frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins

- 3.2 Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning í frístundastafi skal skipuleggja í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólann og aðra fagaðila er tengjast börnum. Hægt er að sækja um greiðslu vegna stuðnings við börn á frístundaheimilum. Sækja skal um heimild fyrir stuðningi til ráðgjafaproskajálfa hjá skrifstofu frístundamála hjá SFS þar sem einnig má nálgast viðeigandi umsóknarform og frekari upplýsingar.

Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning skal alltaf stuðla að virkri þátttöku barna í frístundastarfinu

4. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna dvalar barna þeirra á frístundaheimili skólans.

5. gr. Innritun barna

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun barna í frístundaheimili skólans sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem öll börn eiga sama rétt til að innritast í frístundaheimilið án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

6. gr. Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi frístundaheimilisins og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

7. gr.

Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

8. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

9. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

10. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

- 10.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði. Dráttarvextir reiknast af höfuðstól endurgreiðslukröfunnar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 10.2 Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

11. gr.

Gildistími

- 11.1 Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til [] júní 2017 þ.e frá skólabyrjun í janúar 2017, fram að skólaslitum hinn []. júní 2017.
- 11.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja upp samningnum fyrir er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

12. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, _____

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. Skóla Ísaks Jónssonar

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:



Waldorfskólinn Sólstafir

Sóltúni 6 104 Reykjavík
sími: 57711110

Reykjavík 16.03 2017

solstafir@waldorf.is

Hér með óskar Waldorfskólinn Sólstafir eftir því að gerður verði þjónustusamningur við skólann vegna frístundarstarfs skólaárið 2016- 2017.

Hjálagðar eru upplýsingar sem óskað var eftir vegna fyrirkomulags frístundar við skólann.

Fyrir hönd skólastjórnar

Sigurbjörg A. Eiðsdóttir

Upplýsingar vegna umsóknar Waldorfskólans Sólstafa í Reykjavík vegna þjónustusamnings um rekstur frístundar við skólann skólaárið 2016-2017.

Skólinn hefur boðið upp á lengda viðveru fyrir 1-4.bekk og er það frá 8:00-8:45 og frá lokum kennslu yngra stigs til kl.16:00.

Viðveran er innifalin í skóla og matargjaldi. Skólagjald skólaárið 2016-2017 er kr.15.500 á mánuði og matargjald 6.000 kr. á mánuði í 10 mánuði á ári.

Fjöldi nemenda sem nýtir sér þjónustuna eftir hádegi er 23 nemendur á vorönn 2017. Skiptist hópurinn þannig eftir bekkjum, að í 1. bekk eru það 9 nemendur, í 2.bekk eru 8 nemendur og í 3 bekk eru 6 nemendur. Á morgnana eru það flestir nemendur 1-4.bekkar sem nýta sér viðveruna. Í skólanum eru alls 25 nemendur í 1-4.bekk.

Skólinn nýtir eina af lausu kennslustofum skólans í starfið eins og er.

Boðið er upp á þjónustuna í þrjár klst. á dag.

Boðið er upp á hressingu, ávexti, grænmeti og/eða smurt brauð og drykk í eftirmiðdaginn.

Ekki er til formleg starfsskrá fyrir frístund en starfið fylgir því formi sem er í skólastefnu Waldorfskólans fyrir yngsta stig og er aðaláhersla á frjálsan leik og góða samveru.

Viðmið um gæði í starfi frístundar eru til og fylgja viðmiðum um gæði frjálsa leiksins í Waldorffuppeldis og kennslufræði skólans.

Ekki er sérstök gjaldskrá til vegna frístundar í skólanum.

Rekstrarkostnaður skólans vegna frístundar hefur ekki verið reiknaður út sérstaklega en í bígerð er formleg stofnun frístundaheimilis við skólann með opnunartíma til kl 17:00 með sérstakri starfslýsingu.

Rekstrarkostnaður frístundar er ekki aðskilinn í bókhaldi skólans frá rekstrarkostnaði grunnskólans.

Í frístundarstarfi er lagt upp með að nemendur geti verið í yndislestri eða spilað í upphafi skóladags, slakað á og verið í frjálsum leik og spjallað saman og átt gæðastund með starfsfólki við lok skóladags. Boðið er upp á sögustund, lestur og spil og framreidd hressing.

Ef veður leyfir er farið út með börnunum og ýtt undir frjálsan leik, góð samskipti og félagstengsl.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. mars 2017
SFS2016100093
115. fundur
HG/sp/gS

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs


Efni: Framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila.

Á 111. fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. janúar sl. fól skóla- og frístundaráð sviðsstjóra að óska eftir umsögn sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga um drög að samningi um framlag til þeirra vegna reksturs frístundaheimila. Jafnframt verði skólunum gefinn kostur á að óska eftir að gerður verði við þá þjónustusamningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis. Í umsókn komi fram upplýsingar um fjölda nemenda sem nýta frístundaheimili skólans sem uppfylli skilyrði samningsins, sundurliðað eftir bekkjum. Jafnframt verði lögð fram gjaldskrá skólans vegna frístundaheimilis þar sem kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur. Óskað verði eftir að veittar verði upplýsingar um hversu marga klukkutíma á dag er boðið upp á frístund í skólanum og í hverju hún er fólgin. Jafnframt verði veittar upplýsingar um hvort rekstrarkostnaður skólans vegna frístundaheimilisins sé aðskilinn í bókhaldi skólans frá rekstrarkostnaði grunnskólans.

Með bréfum, dags. 17. janúar sl., var sex sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík tilkynnt um ofangreint og þeim veittur frestur til að skila umsögn um drög að þjónustusamningi og til að leggja fram beiðni um að gerður verði þjónustusamningur. Frestur var veittur til 30. janúar 2017 en hann var síðan framlengdur að beiðni Samtaka sjálfstæðra skóla til 27. febrúar 2017.

Með bréfi, dags. 2. mars 2017, veita Samtök sjálfstæðra skóla umsögn um drög að samningi vegna reksturs frístundaheimila, sjá meðfylgjandi.

Skóla- og frístundasviði hafa ekki borist umsóknir um saming um framlag vegna reksturs frístundaheimila og er lagt til að sjálfstætt reknum grunnskólum verði tilkynnt um að ekki verði greitt framlag vegna reksturs frístundar þeirra á vorönn 2017 ef ekki berst um það umsókn innan tveggja vikna. Berist umsóknir um framlag verða þær og drög að þjónustusamningi lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2017


Efni: Drög að samningum vegna frístundar

SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla vísa til fyrri samskipta hvað varðar drög að þjónustusamningum um frístund sem sendir hafa verið á sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík. SSSK ítreka enn og aftur ánægju gagnvart þeim vilja Reykjavíkurborgar að koma til móts við ábendingar sjálfstætt starfandi skóla í máli þessu og telja samtökin að þessi framkvæmd verði til þess fallin að jafna stöðu foreldra hvað þetta varðar, þ.e. hvað varðar kostnað vegna frístundar barna sinna hvort sem þeir senda börn sín í sjálfstætt starfandi grunnskóla eða skóla sem rekinn er af Reykjavíkurborg.

Hvað varðar þau framlög sem lögð eru til í fyrirbyggjandi drögum að þjónustusamningum þá hafa rekstraraðilar innan SSSK gert athugasemdir hvað þær fjárhæðir varðar enda endurspeglar það framlag ekki raunverulegan kostnað þessara aðila við að reka frístundaheimili. Því gera SSSK fyrirvara hvað þau viðmið varðar.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir af hálfu SSSK að svo stöddu máli en samtökin ítreka þó að lokum að ákvörðun um að ganga til samninga við Reykjavíkurborg er ávallt í höndum hvers og eins rekstraraðila innan SSSK.

Virðingarfyllt,
f.h. SSSK


Áslaug Hulda Jónsdóttir
formaður SSSK



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. janúar 2017
SFS2016100093
111. fundur / fskj. 1/4
HG/sp/gs

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að óska eftir umsögn sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga um drög að samningi um framlag til þeirra vegna reksturs frístundaheimila.

Jafnframt verði skólunum gefinn kostur á að óska eftir að gerður verði við þá þjónustusamningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis. Í umsókn komi fram upplýsingar um fjölda nemenda sem nýta frístundaheimili skólans sem uppfylli skilyrði samningsins, sundurliðað eftir bekkjum. Jafnframt verði lögð fram gjaldskrá skólans vegna frístundaheimilis þar sem kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur. Óskað verði eftir að veittar verði upplýsingar um hversu marga klukkutíma á dag er boðið upp á frístund í skólanum og í hverju hún er fólgin. Jafnframt verði veittar upplýsingar um hvort rekstarkostnaður skólans vegna frístundaheimilisins sé aðskilinn í bókhaldi skólans frá rekstrarkostnaði grunnskólans.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 1. nóvember 2007 að niðurgreiða vistun 6-8 ára skólabarna á frístundaheimilum einkarekinna grunnskóla í borginni með sambærilegum hætti og gert er í frístundaheimilum íþrótt- og tómstundaráðs í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Á grundvelli framangreinds og fyrri samninga íþrótt- og tómstundasviðs við þrjá sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík hefur skóla- og frístundasvið greitt framlag vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum skólanna.

Míðað hefur verið við að skóla- og frístundasvið greiði skólunum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og kostnaði foreldra vegna dvalar barns þeirra í frístundaheimilinu. Verði einhliða hækkun skóla á gjöldum vegna frístundaheimilisins mun sú breyting ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags skóla- og frístundasviðs. Með vísan til þessa er fyrirkomulagið með þeim hætti að ef sjálfstætt rekinn skóli innheimtir t.d. kr. 20.000 á mánuði vegna þriggja tíma frístundar fimm daga vikunnar en gjald vegna frístundaheimilis Reykjavíkurborgar er t.d. kr. 15.000 á mánuði þá eru greiddar kr. 5000 til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna dvalar barnsins

á frístundaheimilinu. Gjaldskrá einhverra sjálfstætt rekinna grunnskóla er byggð á því að foreldrar geta keypt vistun á frístundaheimili á ákveðnum fjölda klukkustunda á viku og verður þá klukkustundafjöldinn hlutfallaður við gjaldskrá frístundaheimila SFS.

Þegar heimasíður sjálfstætt rekinna grunnskóla eru skoðaðar má sjá að gjaldskrá frístundaheimila þeirra sem hana birta er hærri en gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna frístundaheimila borgarinnar. Komi til einhliða hækkunar skólans á vistunargjöldum, mun breytingin ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags SFS.

Skv. upplýsingum skóla- og frístundasviðs eru 126 reykvískir nemendur í 1. til 4. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar, 58 hjá Landkotsskóla, 158 hjá Skóla Ísaks Jónssonar, 7 hjá Suðurhlíðarskóla og 21 nemandi hjá Waldorfskólanum Sólstöfum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir nemendur nýta frístundaheimili þeirra skóla sem bjóða upp á slíka þjónustu.

Lagt er til að samningstíminn taki eingöngu til vorannar skólaársins 2016 til 2017, þar sem ekki liggja fyrir viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks sem mennta- og menningarmálaráðuneytið mun gefa út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til samræmis við 4. mgr. 33. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum.

Samningum við sjálfstætt rekna grunnskóla um framlag vegna frístundaheimila þeirra verður vísað til afgreiðslu borgarráðs að fengnu samþykki skóla- og frístundaráðs.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 8. desember 2016
SFS2016100093
110. fundur / fskj. 1/7
HG/gs

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að leggja fram drög að samningi, með sömu skilmálum og áður, vegna framlags til sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík vegna frístundaheimila þeirra. Samningurinn gildi fyrir vorönn 2017. Jafnframt verði leitað til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi möguleg áhrif breytinga á grunnskólalögum á rekstur frístundaheimila.

Greinargerð:

Á 107. fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. október sl. var skóla- og frístundasviði falið að leggja fram tillögur eigi síðar en 14. desember 2016 varðandi framlög skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum skólanna.

Um forsögu málsins er vísað til bréfs sviðsstjóra, dags. 21. október, 2016, sem lagt var fram á 107. fundi þann 26. október sl.

Skóla- og frístundasvið sendi sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sem eru með neðri stig grunnskóla bréf þar sem farið var fram á upplýsingar um rekstur frístundaheimila við grunnskólana.

Svar barst frá tveim grunnskólum þar sem veittar eru upplýsingar um frístundaheimili skólanna. Ekki hefur borist svar frá fjórum grunnskólum.

Í gr. 33. a með lögum nr. 76/2016 um breytingu á lögum nr. 91/2008 um grunnskóla þar er kveðið á um að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila auk þess sem fram kemur að ráðuneytið gefi út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Jafnframt kemur fram að heimilt er að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega.

Ekki er gert ráð fyrir því með breyttum lögum að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla verði hækkuð vegna umræddrar breytingar um að öllum börnum í yngri árgöngum skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er sveitarfélögum ekki skylt að greiða sjálfstætt reknunum grunnskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við annað framlag en það sem nefnt er í 43. gr. a. laga nr. 91/2008 laga um grunnskóla með síðari breytingum, þ.e. að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að þrátt fyrir það sem fram kemur hér að framan sé rétt að Reykjavíkurborg leiti til Sambands íslenskra sveitarfélaga um mat þess á áhrifum framangreindra lagabreytinga á skuldbindingar sveitarfélaga gagnvart rekstri frístundaheimila fyrir yngri árganga.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 21. október 2016
SFS2016100093
107. fundur / fskj. 1/4
HG/gs

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að leggja fram tillögur eigi síðar en 14. desember 2016 varðandi framlög skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum skólanna.

Greinargerð:

I

Borgarráð samþykkti þann 1. nóvember 2007 að niðurgreiða vistun 6-8 ára skólabarna á frístundaheimilum einkarekinna grunnskóla í borginni með sambærilegum hætti og gert er í frístundaheimilum íþrótta- og tómstundaráðs í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Á grundvelli framangreinds og fyrri samninga íþrótta- og tómstundasviðs við þrjá sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík hefur skóla- og frístundasvið greitt framlag vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum skólanna.

Miðað hefur verið við að skóla- og frístundasvið greiði skólunum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og kostnaði foreldra vegna dvalar barns þeirra í frístundaheimilinu. Verði einhliða hækkun skóla á gjöldum vegna frístundaheimilisins mun sú breyting ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags skóla- og frístundasviðs. Með vísan til þessa er fyrirkomulagið með þeim hætti að ef sjálfstætt rekinn skóli innheimtir t.d. kr. 20.000 á mánuði vegna þriggja tíma frístundar fimm daga vikunnar en gjald vegna frístundaheimilis Reykjavíkurborgar er t.d. kr. 15.000 á mánuði þá eru greiddar kr. 5000 til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna dvalar barnsins á frístundaheimilinu.

II

Með lögum nr. 76/2016 um breytingu á lögum nr. 91/2008 um grunnskóla var sett nýtt ákvæði varðandi frístundaheimili sem kveður á að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Ákvæðið er svohljóðandi:

33. gr. a

Frístundaheimili.

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Jafnframt er í lögum nr. 76/2016 kveðið á um að sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning skv. 43. gr. a laganna eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Með vísan til framangreinds er ekki gert ráð fyrir því með breyttum lögum að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla verði hækkuð vegna umræddrar breytingar um að öllum börnum í yngri árgöngum skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

Tekið er fram að í umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2016, til Alþingis vegna frumvarps til breytinga á lögum um grunnskóla var tekið fram að skóla- og frístundasvið gerði ekki ráð fyrir kostnaðarauka vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þar sem ekki er kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að greiða aukið framlag.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er sveitarfélögum ekki skylt að greiða sjálfstætt reknum grunnskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við annað framlag en það sem nefnt er í 43. gr. a. laga nr. 91/2008 laga um grunnskóla með síðari breytingum, þ.e. að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

III

Skóla- og frístundasviði hefur borist bréf frá skóla Ísaks Jónssonar, dags. 23. september sl., þar sem óskað er eftir endurskoðun á framlagi Reykjavíkurborgar til grunnskólans og að tekið verði tillit til kostnaðar vegna reksturs frístundaheimilis við Skóla Ísaks Jónssonar.

Skóla- og frístundasvið hefur jafnframt borist reikningur frá skóla Ísaks Jónssonar, dags. 28. júní 2016, þar sem krafist er greiðslu kostnaðar vegna systkinaafsláttar af greiðslu gjalda vegna frístundaheimilis skólans. Auk þessa hefur skóla- og frístundasviði borist krafa frá Landakotsskóla þar sem krafist er hærri framlags vegna frístundaheimilis skólans á grundvelli systkinaafsláttar.

Framangreindar kröfur vegna systkinaafsláttar má rekja til þess að á fundi borgarstjórnar þann 2. desember 2014 var samþykkt gjaldskrá sem tók gildi 1. janúar 2015 fyrir frístundaheimili skóla- og frístundasviðs þar sem kveðið er á um að ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun á frístundaheimilum sé veittur 75% afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns. Skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin. Jafnframt kemur fram að frá og með 1. janúar 2015 er veittur systkinaafsláttur milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/frístundaklúbba þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/frístundaklúbbi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri.

Í samþykktum gjaldskrá og fjárhagsáætlunum skóla- og frístundasviðs vegna árunna 2015 og 2016 er ekki gert ráð fyrir eða tilgreint að systkinaafsláttur af gjaldi frístundaheimila taki til sjálfstætt rekinna grunnskóla.

IV

Með vísan til þess sem að framan er rakið er tímabært að fram fari endurskoðun á fyrirkomulagi framlags skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna frístundaheimila þeirra og að ef greiða á framlag verði gerður um það samningur við viðkomandi skóla. Í tengslum við hagræðingarvinnu í rekstri Reykjavíkurborgar er starfshópi falið að fara yfir styrki til sjálfstætt starfandi skóla og má gera ráð fyrir að sú vinna nýtist í tengslum við umrætt mál.

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að leggja fram tillögur eigi síðar en 14. desember nk. varðandi framlög skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum þeirra. Sjálfstætt reknum grunnskólum verði tilkynnt um þá meðferð og haft við þá samráð við mótun tillagna. Skóla- og frístundasvið mun taka til sérstakrar skoðunar hvernig fara eigi með systkinaafslátt til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna frístundaheimila þeirra.

Að fengnu samþykki skóla- og frístundaráðs verði sjálfstætt reknum grunnskólum og samtökum þeirra gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum gagnvart tillögunum.



Bréf

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila.

I Forsaga málsins

Forsaga málsins er sú að á 107. fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. október 2016 lagði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs fram svohljóðandi tillögu, dags. 21. október 2016:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að leggja fram tillögur eigi síðar en 14. desember 2016 varðandi framlög skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimilum skólanna.

Tillagan var samþykkt.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2016, sendi skóla- og frístundasvið sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sem eru með neðri stig grunnskóla bréf þar sem farið var fram á upplýsingar um rekstur frístundaheimila við grunnskólana.

Svar barst frá tveim grunnskólum þar sem veittar eru upplýsingar um frístundaheimili skólanna.

Á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 lagði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs fram svohljóðandi tillögu, dags. 8. desember 2016:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að leggja fram drög að samningi, með sömu skilmálum og áður, vegna framlags til sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík vegna frístundaheimila þeirra. Samningurinn gildi fyrir vorönn 2017. Jafnframt verði leitað til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi möguleg áhrif breytinga á grunnskólalögum á rekstur frístundaheimila.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt, með 5 atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Á 111. fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. janúar 2017 fól skóla- og frístundaráð sviðsstjóra að óska eftir umsögn sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga um drög að samningi um framlag til þeirra vegna reksturs frístundaheimila. Jafnframt verði skólunum gefinn kostur á að óska eftir að gerður verði við þá þjónustusamningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis. Í umsókn komi fram upplýsingar um fjölda nemenda sem nýta frístundaheimili skólans sem uppfylli skilyrði samningsins, sundurliðað eftir bekkjum. Jafnframt verði lögð fram gjaldskrá skólans vegna frístundaheimilis þar sem kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur. Óskað verði eftir að veittar verði upplýsingar um hversu marga klukkutíma á dag er boðið upp á frístund í skólanum og í hverju hún er fólgin. Jafnframt verði veittar upplýsingar um hvort rekstrarkostnaður skólans vegna frístundaheimilisins sé aðskilinn í bókhaldi skólans frá rekstrarkostnaði grunnskólans.

Með bréfum, dags. 17. janúar 2017 var sex sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík tilkynnt um ofangreint og þeim veittur frestur til að skila umsögn um drög að þjónustusamningi og til að leggja fram beiðni um að gerður verði þjónustusamningur. Frestur var veittur til 30. janúar 2017 en hann var síðan framlengdur að beiðni Samtaka sjálfstæðra skóla til 27. febrúar 2017.

Með bréfi, dags. 2. mars 2017, veita Samtök sjálfstæðra skóla umsögn um drög að samningi vegna reksturs frístundaheimila, sjá meðfylgjandi. Aðrar umsagnir bárust ekki né umsóknir um samning.

Á 115. fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. mars 2017 var samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að tilkynna sjálfstætt reknum grunnskólum með yngri árganga að ekki verði greitt framlag vegna reksturs frístundar þeirra á vorönn 2017 ef ekki berst um það umsókn fyrir 17. mars 2017 og í kjölfarið verði gerður um það samningur sem samþykktur er af skóla- og frístundaráði og borgarráði.

Með bréfi, dags. 10. mars 2017, var sex sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík tilkynnt um ofangreint og þeim veittur frestur til að skila umsögn um drög að þjónustusamningi og til að leggja fram beiðni um að gerður verði þjónustusamningur. Frestur var veittur til 17. mars 2017. Um umsóknir sjálfstætt rekinna grunnskóla er vísað til umfjöllunar í lið II.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 21. október 2016, lagt fram á 107. fundi skóla- og frístundaráðs, tillögu sviðsstjóra sem greinargerði fylgdi, dags. 8. desember 2016 lögð fram á 110 fundi, tillögu sviðsstjóra sem greinargerð fylgdi, dags. 6. janúar 2017, lagt fram á 111. fundi skóla- og frístundaráðs og minnisblaðs sviðsstjóra dags. 6. mars 2017, lagt fram á 115. fundi skóla- og frístundaráðs auk fylgigagna sem lögð voru fram á fundunum.

II Umsóknir sjálfstætt rekinna grunnskóla

Með bréfi, dags. 10. mars 2017, upplýsti skóla- og frístundasvið hlutaðeigandi sjálfstætt rekna grunnskóla um að ekki verði greitt framlag vegna reksturs frístundar þeirra á vorönn 2017 ef ekki berst um það umsókn fyrir 17. mars 2017 og í kjölfarið verði gerður um það samningur sem samþykktur er af skóla- og frístundaráði og borgarráði. Bréfið var sent í bréfpósti og í tölvuskeyti auk þess sem efni þess var fylgt eftir með samtali í síma við skólustjóra skólanna.

Hjallastefnan ehf

Með bréfi, dags. 17. mars 2017, óskar Hjallastefnan ehf eftir að gerður verði samningur við skólann vegna rekstur frístundaheimilis skólans auk þess sem skólinn veitti nánari upplýsingar í bréfi, dags. 2. maí 2017.

Lagt er til að gerður verði samningur við Hjallastefnuna um greiðslu framlags vegna reksturs frístundaheimilis skv. meðfylgjandi drögum að samningi.

Landakotsskóli

Með bréfi, dags. 17. mars 2017, óskar Landakotsskóli eftir að gerður verði samningur við skólann vegna reksturs frístundaheimilis skólans.

Lagt er til að gerður verði samningur við Landakotsskóla um greiðslu framlags vegna reksturs frístundaheimilis skv. meðfylgjandi drögum að samningi.

Skóli Ísaks Jónssonar

Með bréfi, dags. 16. mars 2017, óskar Skóli Ísaks Jónssonar eftir að gerður verði samningur við skólann vegna reksturs frístundaheimilis skólans.

Lagt er til að gerður verði samningur við Skóla Ísaks Jónssonar um greiðslu framlags vegna reksturs frístundaheimilis skv. meðfylgjandi drögum að samningi.

Waldorfskólinn Sólstafir

Með bréfi, dags. 16. mars 2017, óskar Waldorfskólinn Sólstafir eftir að gerður verði samningur við skólann vegna reksturs frístundaheimilis skólans.

Fram kemur í bréfi skólans að viðveran sé innifalin í skóla og matargjaldi. Skólagjald skólaárið 2016-2017 er kr.15.500 á mánuði og matargjald 6.000 kr. á mánuði í 10 mánuði á ári.

Með vísan til þess að gjald vegna frístundaheimilis er ekki aðgreint frá gjaldi vegna grunnskóla er lagt til að synjað verði um gerð samnings um greiðslu framlags vegna frístundaheimilis skólans. Auk þess er á það bent að ef tekið er mið af kostnaði vegna skólagöngu í skólanum þá er gjald vegna frístundaheimilis það lágt að ekki fengist greitt framlag.

Lagt er til að áður en að tekin verður ákvörðun um hvort rétt sé að synja umsókn skólans komi verði Waldorfskólanum Sólstöfum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum gagnvart framangreindu.

Suðurhlíðarskóli

Skólastjóri Suðurhlíðarskóla hefur lýst því yfir í tölvuskeyti, dags. 26. apríl 2017, að skólinn hafi ekki komist að niðurstöðu um gerð samnings.

Reykjavík Internatinal School

Í bréfi Reykjavík International School, dags. 1. febrúar 2017, kemur fram að skólinn reki ekki frístundaheimili og muni ekki gera það að svo stöddu. Nemendur skólans njóti góðs af því góða frístundastarfi sem Simbað hefur upp á að bjóða.

III. Tillaga að afgreiðslu

Með vísan til framangreinds leggur skóla- og frístundasvið til að samþykkt verði að gerðir verði samningar við Hjallastefnuna ehf, Skóla Ísaks Jónssonar og Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimila skólanna. Waldorfskólanum Sólstöfum verði gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna fyrirhugaðrar synjunar um að gerður verði samningur um greiðslu framlags vegna frístundar skólans áður en tekin verður ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skólans. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falin undirritun samninga þegar samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs liggur fyrir.

Fyrir liggur að nú þegar þarf að hefja undirbúning að gerð samninga vegna næsta skólaárs. Athygli er vakin á að með breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. lög nr. 76/2016, er kveðið á um að ráðuneytið gefi út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Umrædd viðmið hafa ekki verið gefin út. Ekki hefur borist svar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi möguleg áhrif breytinga á grunnskólalögum hefur á rekstur frístundaheimila.

Skóla- og frístundasvið hefur nú þegar boðað skólastjóra sjálfstætt rekinna grunnskóla til fundar til að ræða stöðu mála varðandi frístundaheimili sjálfstætt rekinna grunnskóla.